

# KEFLAVÍK íþrótt- og ungmennafélag

## LÖG FÉLAGSINS

### Heiti og aðsetur.

#### 1. gr.

Félagið heitir KEFLAVÍK íþrótt- og ungmennafélag.

#### 2. gr.

Heimili og varnarþing er í Reykjanesbæ.

Félagið er aðili að Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar (ÍRB) og með beina aðild að UMFÍ.

### Markmið:

#### 3. gr.

Markmið félagsins er iðkun íþróttar, efling íþróttamála og að auka áhuga almennings á íþróttum og félagsmálum.

#### 4. gr.

Þessu markmiði hyggst félagið ná með því að:

- Halda uppi íþróttakennslu fyrir félagi sína.
- Standa fyrir og taka þátt í íþróttamótum.
- Halda uppi fræðslu um íþróttamál á hvern þann hátt sem kostur er á hverjum tíma.
- Standa fyrir að byggð verði fullkomin íþrótt- og félagsaðstaða.
- Að vinna að markmiðum og stefnuskrá ÍSÍ og UMFÍ.

### Félagar:

#### 5. gr.

Félagi getur orðið hver sá, sem æskir þess og samþykkir að gangast undir lög og skyldur félagsins og er samþykktur af stjórn þeirrar deildar, er hann óskar eftir að vera skráður í. Aðalstjórn skal samþykkja inntökubeiðni þeirra, sem ekki ætla að ganga í sérstaka deild. Heimilt er að láta skrá sig í fleiri en eina deild gegn greiðslu ársgjalds til viðkomandi deildar. Félagar teljast virkir, styrktar-, ævi- og heiðursfélagar:

- Virkir félagar teljast þeir sem sækja æfingar hjá félaginu og þeir sem eru í stjórn félagsins eða gegna öðrum trúnaðarstörfum.
- Styrktarfélagar teljast þeir sem ekki iðka íþróttir en vilja vera áfram félagar og styrkja félagið.
- Allir sem náð hafa 50 ára aldri geta gerst ævifélagar.
- Þeir aðilar sem gerðir hafa verið að heiðursfélögum.

### Skipulag félagsins:

#### 6. gr.

Félagið er myndað af einstaklingum í íþrótt- og félagsdeildum og félagsmönnum utan deilda. Félagið hefur sameiginlega aðalstjórn, sem er æðsti aðili þess milli aðalfunda.

Málefnum félagsins er stjórnað af:

- Aðalfundi félagsins.
- Aðalstjórn félagsins.
- Aðalfundum deilda.
- Stjórnnum deilda.

## Aðalfundur félagsins.

### 7. gr.

Framboð til formanns skal berast skrifstofu félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir auglýstan aðalfund félagsins. Komi fleiri en eitt framboð til formanns þá skal kosið á milli þeirra sem hafa gefið kost á sér. Ekki er heimilt að koma með tillögur um formann á aðalfundi.

### 8. gr.

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Skal hann haldinn eigi síðar en 1. mars ár hvert. Auglýsa skal aðalfundinn opinberlega á heimasíðu félagsins með minnst 2 vikna fyrirvara. Í aðalfundarboði skal kynna dagskrá, fundartíma og fundarstað. Þá skal geta sérstaklega í fundarboði hvenær frestur til að skila inn framboði til formanns rennur út. Aðalfundurinn telst lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Tillögum um breytingar á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram ef 2/3 hlutar viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna eru því samþykkir.

### 9. gr.

Dagskrá aðalfundar félagsins skal vera sem hér segir:

1. Fundarsetning.
2.
  - a) Kosinn fundarstjóri
  - b) Kosinn fundarritari.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
4. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfssemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
5.
  - a) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.
  - b) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
6. Ávörp gesta.
7. Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
8. Lagabreytingar sbr. 7. gr. og 10. gr.
9. Kaffi hlé.
10. Kosinn formaður til eins árs.
11. Kosnir 2 menn í stjórn til tveggja ára.
12. Kosnir 3 menn í varastjórn til eins árs.
13. Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
14. Kosning fastra nefnda er aðalfundur ákveður.
15. Ákveðið félagsgjald.
16. Önnur mál.
17. Fundarslit.

### 10. gr.

Aukaaðalfund félagsins má halda ef aðalstjórn álitur þess þörf eða ef 1/4 atkvæðisbærra fundarmanna á aðalfundi félagsins óska eftir því, enda tilkynni þeir um leið fundarefni það er ræða á. Aukaaðalfundur er lögmætur sé til hans boðað skv. 8. gr. þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Lagabreytingar og stjórnarkosningar skulu þó ekki fara fram á aukaaðalfundi.

## **Atkvæðagreiðslur, kjörgengi og félagsgjöld.**

### **11. gr.**

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála, nema þegar um er að ræða tillögur til breytinga á lögum félagsins, en þær verða að samþykkjast af 2/3 viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna.

Kosningar skulu vera skriflegar ef þess er óskað. Séu atkvæði jöfn við stjórnarkjör skal kosning endurtekin. Verði þá atkvæði enn jöfn skal hlutkesti ráða.

### **12. gr.**

Allir skuldlausir félagsmenn 16 ára og eldri hafa kjörgengi til stjórnarstarfa, tillögurétt, atkvæðisrétt og málfrelsi á aðalfundi félagsins. Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi.

### **13 gr.**

Sérhver félagsmaður greiðir félagsgjöld til þeirrar deildar sem hann er félagi í. Heiðursfélagar eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda. Félagsgjöld virkra félaga og styrktarféлага skal ákveðið á aðalfundum deildanna.

## **Aðalstjórn, verkefni:**

### **14. gr.**

Aðalstjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í aðalatriðum. Aðalstjórn skipar alla trúnaðarmenn félagsins aðra en fulltrúa á ársþing sársambanda ÍSÍ.

Aðalstjórn er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum á hennar vegum og skulu þær leggja allar meiriháttar tillögur og ákvarðanir fyrir aðalstjórn félagsins til samþykktar.

### **15. gr.**

Aðalstjórn félagsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir þannig: tveir til tveggja ára. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

### **16. gr.**

Aðalstjórn skiptir með sér verkum þannig:

Varaformaður, ritari, gjaldkeri, og meðstjórnandi. Kjörtímabil aðalstjórnar er milli aðalfunda félagsins.

Formaður boðar til fundar í aðalstjórn, þegar hann telur nauðsynlegt, eða ef 1 stjórnarmaður óskar eftir fundi. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í aðalstjórn að undanskildum þeim málum sem fjallað er um í 17. gr. (heiðursmerki) og 18. gr. (tilnefning í fulltrúaráð.)

Stjórnarfundir eru lögmetir ef meirihluti aðalstjórnar er mættur.

## **Viðurkenningar, heiðursmerki:**

### **17.gr.**

Aðalstjórn veitir viðurkenningar fyrir íþróttarángur eða störf í þágu félagsins eða ungmenna - og íþróttahreyfingarinnar samkvæmt sérstakri reglugerð sem samþykkt er á aðalfundi félagsins.

## **Fulltrúaráð.**

### **18. gr.**

Heimilt er aðalstjórn að skipa fulltrúaráð innan félagsins samkvæmt sérstakri reglugerð sem samþykkt er á aðalfundi þess.

## **Deildir, starfssvið.**

### **19. gr.**

Hver deild innan félagsins skal hafa eigin stjórn, fjárhag og kennitölu. Hver deild skal vera fjárhagslega sjálfstæð og skal hafa tekjur af félagsgjöldum félagsmanna deildarinnar, af ágóða íþróttamóta og öðrum fjáröflunum sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn félagsins (sbr. þó 31. gr.). Allar meiriháttar fjárhagslegar ákvarðanir einstakra deilda ber að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar. Í hverri deild skal skrá í sérstaka bók eða í tölvu úrslit kappleikja og árangur einstaklinga eða annað markvert sem fram fer innan deildarinnar.

## **Aðalfundir deilda.**

### **20. gr.**

Framboð til formanns skal berast skrifstofu félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir auglýstan aðalfund viðkomandi deildar. Komi fleiri en eitt framboð til formanns þá skal kosið á milli þeirra sem hafa gefið kost á sér. Ekki er heimilt að koma með tillögur um formann á aðalfundi.

### **21. gr.**

Aðalfundir deilda félagsins skulu haldnir eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deildarinnar, 16 ára og eldri hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi deildarinnar. Til aðalfundar deildarinnar skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu opinberlega á heimasíðu félagsins. Í aðalfundarboði skal kynna dagskrá, fundartíma og fundarstað. Þá skal geta sérstaklega í fundarboði hvenær frestur til að skila inn framboði til formanns rennur út. Aðalfundur deildar er löglegur ef löglega er til hans boðað.

### **22. gr.**

Dagskrá aðalfunda deilda félagsins skal vera sem hér segir:

1. Fundarsetning.
2. a) Kosinn fundarstjóri  
b) Kosinn fundarritari.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar skal leggja fram.
4. Formaður deildar leggur fram skýrslu deildarstjórnar um starfssemina á liðnu starfsári.
5. Gjaldkeri deildar leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga deildarinnar fyrir liðið starfsár.
6. Ávörp gesta.
7. Kosningar:
  - a) Kosinn formaður til eins árs.
  - b) Kosnir 2 meðstjórnendur til tveggja ára.
  - c) Kosnir 3 menn í varastjórn.
  - d) Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
  - e) Kosið í nefndir og ráð sem aðalfundur ákveður.
8. Ákveðið æfingargjald fyrir næsta starfsár.
9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
10. Önnur mál.
11. Fundi slitið.

Heimilt er að kjósa færri eða fleiri í stjórn deildar, enda hafi aðalstjórn félagsins samþykkt þá ráðstöfun fyrir aðalfund deildarinnar.

### **23. gr.**

Á aðalfundi deildar ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Kosning deildarstjórnar skal vera skrifleg ef þess er óskað. Ef atkvæði eru jöfn skal kosið að nýju, bundinni kosningu. Verði þá atkvæði enn jöfn skal hlutkesti ráða.

## **24. gr.**

Vanræki deild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

## **25. gr.**

Stjórn hvernar deildar félagsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir þannig: tveir til tveggja ára. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

## **26. gr.**

Deildarstjórn skiptir með sér verkum þannig:

Varaformaður, ritari, gjaldkeri, og meðstjórnandi. Kjörtímabil deildarstjórnar er milli aðalfunda viðkomandi deildar.

Formaður boðar til fundar, þegar hann telur nauðsynlegt, eða ef einn stjórnarmaður óskar eftir fundi. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála.

## **27. gr.**

Deildarstjórnirnar skulu vinna að eflingu félagsins hver á sínu sviði. Deildarstjórn skipar þá fulltrúa sem Íþróttabandalag Reykjanesbæjar ákveður að skuli vera fulltrúar félagsins á ársþing sérsambanda ÍSÍ.

## **28. gr.**

Heimilt er stjórn deildar að boða til aukaaðalfundar að fengnu leyfi aðalstjórnar. Til aukaaðalfundar skal boða á sama hátt og til aðalfundar (sbr. 21. gr.). Dagskrá aukaaðalfundar skal vera sem hér segir:

Fundarsetning.

- a) Kosinn fundarstjóri.
- b) Kosinn fundarritari.
- c) Stjórnarkjör.
- d) Milliuppgjör kynnt.
- e) Fundarslit.

## **Stofnun nýrra deilda.**

### **29. gr.**

Komi fram óskir meðal félagsmanna um stofnun nýrra deilda innan félagsins, skal aðalstjórn taka þær til athugunar. Samþykki aðalstjórn slíka ósk, skal hún sjá um undirbúning að stofnfundi sem fara skal fram samkvæmt ákvæðum laga þessara um aðalfundi deilda. Stofnun hinnar nýju deildar skal síðan leggjast fyrir næsta aðalfund til staðfestingar.

## **Fundir aðalstjórnar með deildum og formönnum þeirra.**

### **30. gr.**

Aðalstjórn félagsins skal halda að lágmarki einn fund með hverri deildarstjórn félagsins þar sem farið er yfir stöðu, réttindi og skyldur deilda og félagsins.

### **31. gr.**

Aðalstjórn félagsins skal halda að lágmarki einn fundi með formönnum deilda á kjörtímabilinu.

## **Spjaldskrár og reikningsár.**

### **32. gr.**

Sérhver deild félagsins skal halda félagaskrá deildarinnar. Styrktarfélagar sem eru utan deildanna skulu skráðir sérstaklega af aðalstjórn. Allar deildir skili inn félagaskrá til aðalstjórnar sem haldi utan um heildarskrá félagsins.

### **33. gr.**

Reikningsár félagsins og deilda þess skal vera almanaksárið.

## **Úrsagnir, eignir, félagaslit.**

### **34. gr.**

Úrsagnir skal senda skriflega til viðkomandi deildarstjórnar. Öllum skyldum verður að vera fullnægt áður en úrsögn kemur til greina.

Ef um er að ræða félagaskipti til erlendra félaga skal sérstök ráðgjafanefnd aðalstjórnar fjalla um málið. Sama gildir um innlend félagaskipti ef ástæða þykir til.

### **35. gr.**

Eignir hvernar deildar er sameign félagsins. Hætti deild starfsemi skal stjórn deildarinnar afhenda aðalstjórn félagsins eignir hennar. Taki deildin ekki upp starfsemi aftur innan 5 ára renna eignir hennar í aðalsjóð félagsins. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar. Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi félagsins og þá með samþykki 4/5 hluta viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna.

### **36. gr.**

Verði Keflavík íþrótt- og ungmennafélag lagt niður skal afhenda eigur þess til Íþróttabandalags Reykjanesbæjar til varðveislu, en ef hliðstætt félag verður stofnað innan Keflavíkur hverfisins síðar skulu eignir þess afhentar hinu nýja félagi til afnota.

## **Búningur og merki félagsins.**

### **37. gr.**

Hver íþróttadeild skal fá samþykki aðalstjórnar fyrir búningi sínum.



Merki félagsins er . Breytingar á merki félagsins eru háðar samþykki aðalfundar.

## **Lagabreytingar.**

### **38. gr.**

Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi félagsins og þarf til þess samþykki 2/3 hluta viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna sbr. 11. gr.. Tillögur til lagabreytinga skulu tilkynntar með aðalfundarboðinu og skulu þær liggja frammi hjá aðalstjórn félagsins eigi skemur en 14 dögum fyrir aðalfund félagsins.

## **Gildistaka.**

### **39. gr.**

Lögin þannig samþykkt á aðalfundi félagsins 28. febrúar 2011 og öðlast þau þegar gildi. Lögin þurfa staðfestingu Íþróttabandalags Reykjanesbæjar og framkvæmdastjórnar ÍSÍ og UMFÍ. Sama gildir um síðari lagabreytingar.

## **Bráðabirgðaákvæði.**

Þegar kosið er til stjórnar samkvæmt 9. gr. og 22 gr. laganna í fyrsta skipti eftir breyttum lögum þá skal kjósa tvo meðstjórnendur til tveggja ára og tvo til eins árs.

*Samþykkt á aðalfundi 28. febrúar 2011*